



Þvagleggur fjarlægður heima

Fyrir heimferð eru gefnar upplýsingar um hvenær fjarlægja á þvaglegginn. Best er að fjarlægja þvaglegginn fyrir klukkan 08:30 að morgni dags.

Undirbúningur

- Tæma þvagpoka í salerni
- Þvo hendur

Þvagleggur fjarlægður

Til að hægt sé að fjarlægja þvaglegg þarf fyrst að tæma belginn sem heldur honum í þvagblöðrunni en hann er fylltur með vatni.

1. Belgurinn er tæmdur með því að setja sprautu í hliðarstútinn á þvagleggnum og vatnið dregið varlega út. Þrýsta þarf sprautunni vel inn í stútinn. Ef sprautan fyllist alveg gæti þurft að endurtaka þetta til að vera viss um að belgurinn sé alveg tómur. Yfirleitt eru 10 ml af vatni í belgnum en geta þó verið 5-40 ml.
2. Slaka á grindarbotnsvöðvum eins og við þvaglát og draga þvaglegginn varlega út.
3. Henda þvaglegg og þvagpoka í almennt sorp.
4. Þvo hendur.



Eftir að þvagleggur hefur verið fjarlægður

Þvaglátsþörf kemur oft um leið og þvagleggur er fjarlægður og er það eðlilegt. Þúast má við þvaglátum eftir um þrjár klukkustundir. Ef þvaglátsþörf er ekki komin eftir þann tíma er ráðlegt að reyna að hafa þvaglát.

Ef ekkert þvag hefur komið fjórum klukkustundum eftir að þvagleggur var fjarlægður eða verkir eða þensla er yfir þvagblöðru þarf að koma á göngudeild þvagfæra 11A. Fyrstu þvaglát geta verið óþægileg og stundum er þvag blóðlitað í byrjun en slík einkenni ættu að hverfa innan fárra daga.

Eftir að þvagleggur hefur verið fjarlægður þarf að fylgjast með hvort þvagblaðran tæmist og er því bókaður tími samdægurs í afgangsmælingu. Ráðlagt er að drekka 500-700 ml af vökva áður en komið er í endurkomutímann.

Tími er bókaður á göngudeild þvagfæra 11A:

Dagsetning _____ klukkan _____

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga frá 08:00-16:00, sími 543 7100.